

Mál nr. 7

Íþróttafélagið Þór, Akureyri

gegn

Knattspyrnudeild KA, Akureyri

Kæra Þórs:

Knattspyrnudeild Þórs kærir leik Þórs og KA í mfl. karla sem leikinn var þriðjudaginn 17/9 vegna tveggja leikmanna KA sem við teljum ólöglega. Þeir eru Jóhann Arnarsson og Helgi Níelsson. Jóhann lék með Magna í 4. deildinni í sumar og Helgi með SM. Farið er fram á að leikurinn verði dæmdur KA tapaður.

Akureyri 18/9 1996,
f.h. knattspyrnudeildar Þórs

Jón Viðar Brynjólfsson

Úrskurður Hérðasdómstóls Íþróttabandalags Akureyrar:

Dómur:

Dómurinn telur með vísan til b. liðar 5.gr. Dóms og refsíákvæða ÍSÍ sbr. 4.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að málið eigi undir Knattspyrnudómstól Norðurlands eystra, sbr. f. lið 4.1. í reglugerð KSÍ.

Dómsorð:

Málið þessu er vísað frá dómi.
Dómsorðið er lesið upp í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Rétti slitið.
Árni Pálsson
Páll H. Jónsson
Jóhannes Bjarnason

Úrskurður knattspyrnudómstóls Norðurlands eystra:

Ár 1996, fimmtudaginn 17. október er dómþin Knattspyrnudómstóls Norðurlands eystra sett að Hafnarstræti 107, Akureyri og haldið af Ólafi Ólafssyni, Birni Friðþjófssyni og Ingólfi Freyssyni.

Úrskurður:

Forseti dómstóls, Ólafur Ólafsson, sem er löglærður, hefur mörg undanfarin ár gengt allnokkrum trúnaðarstörfum fyrir Knattspyrnufélag Akureyrar (KA), þ.á.m. setið í stjórn knattspyrnudeildar og aðalstjórn félagsins. Þá er hann nú í laganefnd félagsins. Að framangreindu virtu og með hliðsjón af almennum traustsjónarmiðum um óhlutdrægni dómara þykir rétt að dómsforseti víki sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Forseti dómsins Ólafur Ólafsson, víkur sæti í málinu

Ólafur Ólafsson

Með vísan til ofanritaðs og þar sem að varamaðurinn Arnar Sigfússon, lögfræðingur er trúnaðarmaður í Knattspyrnufélagi Akureyrar, sbr. og 3.tl. 4. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, verða öll gögn málsins send Knattspyrnusambandi Íslands þannig að unnt verði að setja nýjan aðila sem dómsforseta.

Fleira ekki gjört
Dómþingi slitið.

Ólafur Ólafsson
Björn Fiðbjólfsson
Ingólfur Freysson